

Sorpstöð Suðurlands
Austurvegi 56
800 Selfoss

Umhverfisstofnun
Áb. _____
15. des. 2011 8.14.2
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN


Reykjavík, 15. desember 2011
Tilvísun: UST20110500076/edk


Áætlun móttekin

Umhverfisstofnun hefur móttekið bréf frá Sorpstöð Suðurlands dagsett 14. nóvember 2011 þar sem fram kemur áætlun sorpstöðvarinnar um hauggassöfnun á Kirkjuferjuháleigu. Áætlunin miðast við að framkvæmdir við hauggassöfnunarkerfi hefjist í vor og gerir ráð fyrir að kerfið verði tekið í notkun í september 2012.

Umhverfisstofnun samþykkir umræddan tímaramma en mun taka endanlega afstöðu til áætlunarinnar í lok janúar, en verið er að meta hvort Sorpstöð Suðurlands beri að safna hauggasi af öllum urðunarstaðnum, eða hvort nægi að safna einungis hauggasi syðst úr urðunarrein 9, þar sem úrgangur var urðaður frá 16. júlí til 1. desember 2009, eins og áætlun rekstraraðila gerir ráð fyrir.

Virðingarfyllst


Sigrún Agústsdóttir
sviðsstjóri


Sigríður Kristjánsdóttir
deildarstjóri

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurlands